

Fundur í skólaráði 7. nóvember 2019

Mættir: Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri, Edda Björnsdóttir og Jórunn Pálsdóttir, fulltrúar kennara, Halldór Einarsson, fulltrúi starfsmanna, Heimir Örn Herbertsson, formaður foreldrafélags Melaskóla, Anna Guðmundsdóttir, deildarstjóri miðstigs og Atli Hrafn Tómasson, Elías Andri Wendel, Natallía Kjerúlf Óskarsdóttir og Dagur Sólon Andrason fulltrúar nemenda.

Verkefni skólaráðs er að útbúa starfsáætlun og tímasetja skólaráðsfundi fyrir veturinn. Stefnt að 2 fundum fyrir áramót. Skólastjóri útbýr plan og fundartími verður á fimmtudögum kl.8:30.

Aðgerða er þörf vegna húsnæðismála skólans. Skýrsla gerð s.l. skólaár þar sem farið var í þarfagreiningu á húsnæði Melaskóla. Þörf er á viðbyggingu þar sem húsnæði Melaskóla er ekki í takt við þarfir skólans. Aðgengi fatlaðra er takmörkum háð, aðstaða starfsmanna er lítil sem engin, matsalurinn annar ekki fjölda nemenda, sérgreinastofur ekki í takti við tíðaranda og salernisaðstaða starfsmanna og nemenda mjög léleg. Viðhald skólans er ekki nægilega gott og fara þarf í breytingar innanhúss.

Skv. Halldóri, húsverði skólans, hefur verið settur fram óskalisti um viðhald og gott að fá fram ábendingar frá skólasamfélaginu vegna þess.

Heimir Örn talar um að húsnæðisvandi skólans hafi verið til staðar lengi og nær allt til þess að viðbygging skólans var tekin í gagnid, í kringum aldamótin. Skýrsla sem út kom árið 2002 greinir frá þeim vanda. Stöðugt samtal hefur verið við borgina í gegnum tíðina og þörfin oftast en ekki viðurkennd af borgaryfirvöldum en efndir litlar sem engar. Nú síðast er skýrsla sem út kom s.l. vetur og hefur ekki verið birt opinberlega þar sem fram kemur viðurkenning á húsnæðisvanda skólans. Heimur leggur áherslu á að samtal okkar við borgina þarf að vera lifandi umræða og byggt á faglegum nótum.

Jórunn talar um að enn og aftur eru húsnæðismál skólans á dagskrá í skólaráði. Börnin í Melaskóla sitja ekki við sama borð og aðrir nemendur í borginni þar sem fjárframlag til skólans er lægra skv. reikniformúlu og að auki er viðhaldkostnaður Melaskóla lægri en annarra skóla. Mjög skrýtið að skólalóðin sem þjóna eigi öllu hverfinu skuli ekki viðhaldið. Klifurgrind og snúningsgjörð á skólalóðinni voru gjöf frá foreldrafélaginu fyrir um 20 árum.

Björgvin nefnir að gott væri að fá nemendaráð meira inn í umræðuna og sjá hvaða aðstöðu/lagfæringar þau vilja sjá. Fulltrúar nemenda í skólaráði ætla að leggja málið fyrir nemendaráð.

Þó nokkrar ályktanir hafa verið sendar til borgarinnar í gegnum tíðina og mikilvægt skv. Heimi að halda því áfram. Hægt er að vísa í Menntastefnu Reykjavíkurborgar, barnasáttmála Unicef og aðalnámsskrá grunnskóla þegar færð eru rök fyrir húsnæðisvanda Melaskóla.

Gera þarf úttekt á skólanum út frá vinnuverndar sjónarmiði. Taka þarf út aðstöðu nemenda og starfsmanna og t.a.m. meta hvort matsalur skólans þjóni þeim fjölda sem skólann sækir.

Gerð var skýrsla á árunum 2017/2018 þar sem aðstaða nemenda og starfsmanna var skoðuð og óskar Heimir eftir því að fá aðgang að þeirri skýrslu.

Skólaráð mun álykta og kalla eftir viðbrögðum borgaryfirvalda vegna málefna Melaskóla.

Ritað af Önnu Guðmundsdóttur